

# **Lög FÁT \*\* Félag Áhugamanna um tréskurð \*\***

*(ásamt breytingum sem gerðar voru á aðalfundi 16. nóvember 2012, 17. febrúar 2018 og 21. febrúar 2026.)*

## **1. grein**

Félagið heitir Félag áhugamanna um tréskurð. Heimili þess er hjá formanni félagsins.

## **2. grein**

Félagsmenn geta allir þeir orðið sem hafa áhuga á tréskurði og standa skil á árlegum félagsgjöldum.

## **3. grein**

Tilgangur félagsins er að:

1. Efla og kynna tréskurð á Íslandi.
2. Stefna að því að koma upp ákjósanlegri aðstöðu fyrir félagsmenn.
3. Stuðla að útgáfu fréttabréfs og sýningum á verkum félagsmanna.
4. Stuðla að gagnkvæmum samskiptum við erlend tréskurðarfélög og klúbba.
5. Stuðla að því að fá innlenda og erlenda gestakennara til kennslu og námskeiðahalds.
6. Söfnun og miðlun fræðslu- og kennsluefnis, t.d. bóka og myndbanda.
7. Koma upp myndasafni að verkum félagsmanna og annarra mynda af eldri og yngri verkum, svo og varðveislu á þeim verkum sem félagið kann að eignast.
8. Skipuleggja fræðslu- og kynnisferðir til staða þar sem er að finna áhugaverðan tréskurð, innanlands sem utan.

## **4. grein**

Árgjald skal ákveðið á aðalfundi og skal greiðast fyrir aðalfund ár hvert.

## **5. grein**

Aðalfund skal halda á hverju ári fyrir lok febrúarmánaðar. Skal hann boðaður í fréttabréfinu Brýninu, og eða með tölvupósti og SMS-boðum með minnst 14 daga fyrirvara og telst þá lögmætur. Tillögur um lagabreytingar skal fylgja aðalfundarboði. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.

## **6. grein**

Stjórn félagsins skipa 5 manns. Formaður skal kosinn á aðalfundi til eins árs í senn, en aðra stjórnarmenn skal kjósa tvo á ári til tveggja ára í senn, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Heimilt er stjórnarmönnum að taka endurkjöri. Aðalfundur kýs einnig skoðunarmann

reikninga og annan til vara. Formaður boðar til stjórnarfundar svo oft sem honum þykir þörf á eða stjórnarmenn óska. Stjórn félagsins getur ekki skuldbundið félagsmenn fjárhagslega. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til sérstakra verkefna í nafni félagsins.

### **7. grein**

Stjórn félagsins kveður til félagsfundar þegar hún telur þess þörf eða 1/3 hluti félagsmanna ókar þess skriflega. Lögmætir aðalfundir hafa æðsta vald í öllum ákvörðunum félagsins. Hver skuldlaus félagsmaður hefur eitt atkvæði. Kjörgengi til stjórnar hafa eingöngu skuldlausir félagsmenn. Skuldlausum félagsmanni er heimilt að senda umboðsmann fyrir sig á fundi félagsins og skal það vera skriflegt.

### **8. grein**

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Lesin fundargerð síðasta aðalfundar.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Stjórn leggur fram reikninga félagsins.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
5. Lagabreytingar
6. Kosningar stjórnar fyrir næsta starfsár.
7. Önnur mál.

### **9. grein**

Í gerðabók félagsins skal skrá stutt yfirlit yfir það sem gerist á félagsfundum og stjórnarfundum. Fundargerðir skulu undirritaðar af formanni félagsins og fundarritara.

### **10. grein**

Hætti félagið störfum skal almennur fundur félagsmanna, sem slítur félaginu, taka ákvörðun um ráðstöfum eigna félagsins. Eigur munu ekki renna til félagsmanna.

Lög um Minningarsjóð um íslenska tréskera slitið og lagt af, samkvæmt 6 gr. Eldri samþykktar FÁT frá 17. Febrúar 2018 (Lög FÁT 17022018), á aðalfundi 21. Febrúar 2026.

## **Stofndagur FÁT**

Samkvæmt upplýsingum í Brýninu, fyrsta tölublaði fréttabréfins, í apríl 1996 var stofnfundur FÁT 2. mars 1996. Yfir 90 félagar gengu í félagið á stofnfundinum og þegar fréttabréfið er gefið út eru þeir að nálgast 200. Fyrsti formaður félagsins var Evert Kr. Evertsson. Meðstjórnendur: Jón Adolf Steinólfsson, Stefán H. Erlingsson, Vilhjálmur Siggeirsson og Sveinbjörn Kristjánsson.